

Jarfkommunardeild

ORKUSTOFNUN  
Jarðkönnunardeild.

Tillögur að efnistöku úr Seleyri.

eftir

Gutterm Sigbjarnarson.

Reykjavík 22. ágúst 1975

Hr. Sigfús Örn Sigfússon, deildarverkfræðingur,  
Vegagerð ríkisins,  
Borgartúni 5 - 7,  
Reykjavík.

Varðar: Vatnsból og efnistökumöguleikma úr Sleyri við Borgarfjörð.

Hjálagt fylgir uppdráttur af Sleyri, þar sem sýndar eru tillögur um möguleg vegstæði og efnistökustaði vegna brúargerðar yfir Borgarfjörð, án þess að setja núverand vatnsból Borgarness í verulegamengunahættu. Vatnsbólið tekur að öllum líkindum vatn frá báðum aurkeflunum út frá gilkjöftunum, svo að nauðsynlegt mun að friða alveg landið á milli ~~xx~~ lækjanna ofan til á eyrinni til að tryggja það, að vatnsbólið mengist ekki af völdum jarðrasks. Einnig verður að fara mjög varlega í það að raska lágeyrinni umhverfis vatnsbólið, vegna þess að hún er sá geymir, sem dælingin dregur vatnið úr, þegar innrennslíð frá lækjunum minnkar í langvarandi frostum og burrkum. Þeg mundi telja mjög óráðlegt að gera þar nokkuð jarðrask nær vatnsbólinu, heldur en í ca. 500 m fjarlægð frá því. Þessi skilyrði prengja vissulega mjög alla efnistökumöguleika og staðsetningarmöguleika fyrir veginn á eyrinni, en óhátt mun að taka 2 - 3 m þykkt malarlag, þar sem efnistakan fer fram, því að jarðvatnsborðið liggur venjulega á 5 - 6 m dýpi.

Reynslan af borunum í eyrina sýndi eins og kunnugt er, að ekki mundi unnt að afla annars staðar neysluvatna úr henni, heldur en þar sem núverandi vatnsból liggur. Kemur petta til af ~~xx~~ uppbyggingu eyrarinnar, sem er grófum dráttum bannig (borskýralur verða tilbúnar í næsta mánuði), að klöppin liggur á 20 - 25 m dýpi út við ströndina, en yfirborð hennar fer hækandi inn til landsins, svo að dýpið á hana ~~xxxxx~~ hennar fer hækandi inn til landsins, svo að dýpið á hana ~~xxxxx~~ grynnist. Ofan á klöppinni liggur 6 - 8 m þykkt leirlag, sem leiðir ekki vatn. Í sumum tilfellum er örþunnt malarlag á milli leirsins og klapparinnar, en það er þó alltof punnt til að gefa umtalsvert vatn. Ofan á leirnum liggur svo möl, sem nær alveg upp á yfirborð. Neðan til eru viða sandlinsur í mölinni, en í efstu 10 m eru þar viða jarðvegs-linsur. Vatnsrennsli í gegnum eyrina er bannig háttar, að vatnið ur lækjunum sígur ofan í möolina efst í surkeilunum og rennur síðan til sjávar í gegnum eyrina ofan á leirnum. Þykkt vatnsstreymisins sveiflast mjög ört eftir innstreyminu og þar með veðrættunni. Í einni borholunni steig vatnið um 1 m eftir mikla rigning, en lækkadi svo aftur, þegar minnkaði í læknum. Það er því aðeins lægsti og flatasti hluti eyrarinnar sem geymir í sér nokkurn vatnsforda, þ. e. þar sem núverandi vatnsból liggur, en hann er þó takmarkaður. Annars staðan geymir eyrin ekkert vatn, nema það sem er í á leið til sjágar ~~á hverjum~~ tíma, en það er algerlega háð veðrættunni á hverjum tíma. Núverandi vatnsból er því takmarkað og erfitt að verja það fyrir mengun, þar sem lítið er af siandi jarlöögum ofan á því. Það getur því varla talist gott framtíðarsíandi vatnsból fyrir Borgarnes. Ígæt nokkuð kynnt mer aðrar vatnsöflunarleiðir fyrir Borgarnes, og koma þar fjórir möguleikar til greina.

1. Rannsaka má laus jarlöög við Grjóteyri og Árdal. Þar eru einhverjur möguleikar á því að finna megi vatnsleiðandi jarlöög, þó að ekkert sé hægt að fullyrða um það að svo stöddu.
2. Miklar líkur eru á, að afla megi nægilegs vatns fyrir Borgarnes úr melununum norðan við Fiskilæk í Melasveit.
3. Minnig eru miklar líkur á að afla megi vatns úr aurkeili ~~aaldár~~ við Mofellsstaði í Skorradal.
4. Lindir úr Alftárhrauni við Veitá Vestur áf Grímsstöðum.

Allir pessir möguleikar þarf náðu að hugana og rannaókna, sérstaklega sá fyrstnefndi. Æð mínu áliti er þó sá síðastnefndi bestur, þó að hann kosti lengstu vatnsleiðslun. Þar er örugglega nægilegt vatn, sem að öllum líkendum er einnig mjög gott. Það mundi að verulegu leyti vera sjálfrennandi og tiltölulega auðvelt að virkja það.

I hinum tilfellunum þyrfta að bora eftir vatninu.

Eg mun gera nánari grein fyrir þessum málum í septemberþyrjung.

Guttorður Sigbjarnarson

Guttorður Sigbjarnarson


0 500m  
Mkv.I:10.000

Skýringar:

◆ Borholur



Núverandi vatnsból



Kjarrlendi



Mögulegir efnistökustaðir

Hugsanleg vegarstæði

N

B o r g a r f j ö r ð u r

10

20

30

40

50

MYND I

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

Seleyri við Borgarfjörð  
Neysluvatns athuganir

19/II'74 G /AV

Tnr. 3 Tnr. 28

J-Seleyri J-Neysluv.

Fnr. 13293